

1868.

1868.

11. janúar.

1. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um sölu á ýmsum borðbúnaði, er konungsfulltrúi hafði haft við alþingisveizlur.

Í bræfi dagsettu 18. októbermán. f. á. hafði þér, herra stiptamtmaður, mælt fram með, að yður verði veitt heimild til að láta selja við uppboð ýmsa muni, er heyra til borðbúnaðar, og Melsted sálugi amtmaður hafði keypt á kostnað stjórnarinnar til þess að hafa við veizlur á alþingi þegar hann var konungsfulltrúi, með því að borðbúnaður þessi hvorki er svo úr garði gjör né svo fullkominn, að hann verði notaður til þess sem hann var ætlaður, og hafði þér stungið uppá, að bókasafni alþingis verði gefið andvirðið.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið fellst á tillögur yðar í þessu efni.

11. janúar.

2. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um þóknun fyrir afgreiðslu pósts í Suðursveit.

Útaf bænarskrá til stiptamtsins frá síra Þorsteini Einarssyni, presti að Kálfafellsstað í Austur-Skaptafellssýslu, um, að honum verði veitt þóknun fyrir starfa þann að vera póstaafgreiðslumaður á póstferðunum milli Kirkjubæjarklausturs og Eskifjarðar, er hann nú hefir haft á hendi í mörg ár, hafði þér, herra stiptamtmaður, mælt fram með í bræfi dagsettu 20. septembermán. f. á., að síra Þorsteini Einarssyni verði veitt 4 rd. þóknun á ári fyrir þenna starfa hans.